

**Mættir:**

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Örn Sigurðsson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Friða Egilsdóttir (Laut)

Sigurður Rúnar Karlsson (þjónustumiðstöð)

**1. Skipan nefndarinnar**

Nokkur endurnýjun hefur orðið á nefndarmönnum en enn vantar nokkra fulltrúa. Skipa þarf nýjan fulltrúa bæjarskrifstofu sem og nýjan formann. Þá er óljóst hverjir verða fulltrúar íþróttamiðstöðvar og hafnarinnar.

**2. Umfjöllun fundargerða í bæjarstjórn**

Nefndin leggur til að fundargerðir hennar verði teknar formlega til umfjöllunar í bæjarstjórn líkt og aðrar fundargerðir nefnda bæjarins. Formanni falið að leggja erindið fyrir bæjarstjóra.

**3. Vinnuumhverfi; samskipti yfirmanna og undirmanna á bæjarskrifstofunni**

Nefndinni barst ábending í sumar um erfiðar andlegar vinnuaðstæður á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar. Erindið á eðli málsins samkvæmt fullt erindi inn á borð vinnuverndarnefndar en þar sem gripið hefur verið til formlegra aðgerða til að leysa úr þessu máli telur nefndin ekki ástæðu til að inngrips á þessu stigi málsins en mun fylgjast vandlega með framvindu málsins.

**Fleira ekki gert,**

**fundi slitið kl. 15:00**

**Næsti fundur verður boðaður af nýjum formanni.**